

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík.


Reykjavík, 27. nóvember 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olúgjald, 30. mál.

Skeljungur hf. styður breytingu lagaákvæða um lækkun bensín- og olúgjalds.

Við umræðu um skattlagningu eldsneytis er minnt á að gæta þarf jafnræðis og hafa í huga að orkugjöfum sé ekki mismunað. Skv. núverandi lögum er almennt vörugjald af bensíni 9,28 kr. af hverjum lítra og sérstakt vörugjald, bensíngjald 32,95 kr. af hverjum lítra. Samtals eru því vörugjöld af bensíni í dag 42,23 kr. af hverjum lítra, samanborið við olúgjaldið sem er 41 kr. á hvern lítra dieselolíu. Að teknu tilliti til orkugildis og eðlisþyngdar er þess munur meiri. Þannig nema vörugjöld á bensín um 57,50 kr./kg. bensíns, samanborið við 50 kr./kg. dieselolíu. Eigendur bensínbíla greiða því um 15% hærri opinbergjöld en eigendur dieselbíla að teknu tilliti til orkugildis. Til að jafnræðis verði gætt þarf að lækka vörugjald af bensíni, umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

SKELJUNGUR HF.


Ólafur Jónsson

